

Samningur dómsmálaráðuneytisins, Útlendingastofnunar og Rauða krossins á Íslandi um framlengingu á samningi vegna aðstoðar og þjónustu við einstaklinga sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á Íslandi.

Dómsmálaráðuneytið (DMR), kt. 580417-0510, Útlendingastofnun (ÚTL), kt. 670269-6399 og Rauði krossinn á Íslandi (RKÍ), kt. 530269-2649, gera með sér svofelldan samning um framlengingu á samningi aðila frá 8. mars 2018 vegna aðstoðar og þjónustu við einstaklinga sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á Íslandi, sbr. einnig viðauka I, II, III og IV við samninginn.

1. gr.

Gildistími samningsins, sbr. 8. gr. hans, er framlengdur um eitt ár og gildir hann því til 28. febrúar 2022.

2. gr.

Greiðslur samkvæmt samningnum, sbr. 7. gr. hans, skulu taka breytingum hinn 1. janúar 2022, í samræmi við breytingar á launa- og verðlagsforsendum fjárlaga.


3. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. mars 2021.

4. gr.


Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins.

Reykjavík, 24 febrúar 2021


f.h. dómsmálaráðuneytisins


f.h. Útlendingastofnunar


f.h. Rauða krossins á Íslandi


Staðfest f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins